

1118. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 10. september , kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Gestur: Viðar Ingason hagfræðingur VR

Dagskrá:

1. Fundargerð 1117. stjórnarfundar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1117. stjórnarfundar VR til samþykktar en engin athugasemd hafði borist.

Undirrituð og samþykkt.

2. Kjaramál – staðan

Ólafía Björk sagði frá vinnufundi kjaranefndar VR. Þar fór Steinunn Böðvarsdóttir fagstjóri yfir þær kannanir sem gerðar hafa verið frá 2009 og Viðar Ingason hagfræðingur fór yfir vísitölu VR. Elías Magnússon forstöðumaður fór yfir stöðuna á samningum og rifjaði upp kröfugerðina. Einnig var unnið við að greina lykilkætti í nýttkomnu fjárlagafrumvarpi og mun Viðar sýna aðaláhrifaþætti frumvarpsins hér á eftir en hann er gestur fundarins.

Ólafía Björk sagðist svo munu leggja fram tillögu að fréttatilkynningu sem stjórn VR myndi senda frá sér vegna fjárlagafrumvarpsins.

Loks sagði hún frá því að hún hygðist fara út á land og hitta félagsmenn á Austurlandi, Vestmannaeyjum og á Hvammstanga fyrir utan svo það að halda áfram heimsóknunum í fyrirtæki. Hún hefur einnig hug á því að skrifa frekari greinar í anda þeirrar greinar sem bar yfirskriftina „Til hamingju Hagar“ og erum við að greina önnur fyrirtæki á markaði vegna þess. Við viljum að VR taki forystu í kjaraviðræðunum og að við séum sýnileg.

Viðar Ingason tók þá til máls og ræddi um kaupmáttarvísitölu VR, gengi og verðlag auk umfjöllunar um nýtt fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Kom m.a. fram í máli hans að ákveðnir gallar séu á hinni opinberu vísitölu því hún sýni laun fyrir skatt en flestir skilji hana sem laun eftir skatt. Tekur hún heldur ekki nægilega til breytinga vinnutíma. Okkar vísitala tekur því á þessum göllum og tók hann dæmi til að útskýra gallana. Við reiknum út laun eftir skatt og samkvæmt því erum við á sama stað og í janúar 2005 og þannig tveimur árum aftar en vísitala Hagstofunar segir til um.

Ræddi hann næst gengi og verðlag og sýndi með línuriti að styrking gengis hafi ekki verið að skila sér með lægra vöruverði eins og haldið hefur verið fram í opinberri umræðu hjá nokkrum aðilum að undanfögnu.

Ræddi hann svo nýtt fjárlagafrumvarp. Spáð er 3,4% hagvexti og að einkaneysla vaxi um 3,7% og einnig að aukning í fjárfestingum verði 15,7%. Gert er ráð fyrir 3,4% verðbólgu og að launavísitalan hækki um 6,1% þannig að kaupmáttur aukist um 2,6%.

Skattþrep hækka um 5,2% og persónuafsláttur hækkar um 2,5% m.v. spár um verðbólgu. Skattbyrði mun hækka örlítið. Einnig hækkar tryggingagjald um 0,1 stig en þó er reiknað með auknum tekjum vegna tryggingagjalds.

Lægsta þrep VSK hækkar úr 7% í 12%. Hærra þrep VSK lækkar úr 25,5% í 24%. Færri flokkar eru nú undanþegnir skatti og á þetta að skila auknum tekjum uppá 2,5 milljarða kr. en tekjutap vegna afnáms vörugjalds nemi tapi uppá 3,5 milljarða á móti.

Næst ræddi hann hækkun matvæla og sýndi á glæru hlutfall matar- og drykkjarvöru af ráðstöfunartekjum og einnig hækkun útgjalda vegna breytinga á VSK eftir tekjufjórðungum.

Að lokum reifaði Viðar nokkur önnur atriði s.s. styttingu atvinnuleysisbótatímabils úr 36 mánuðum í 30 mánuði, framlag til VIRK sem ekki verður af þrátt fyrir að samið hafði verið um slíkt ofl.

Umræður.

Ragnar Þór mætti hér til fundar kl. 18:15.

Að loknum umræðum las Ólafía Björk upp áðurnefnda tillögu að fréttatilkynningu sem er svo hljóðandi eftir að einni setningu hafði verið sleppt:

"Stjórn VR mótmælir auknum álögum á þorra launafólks sem fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar felur í sér og harmar framkomu stjórnvalda í garð atvinnulausra sem þurfa að þola skerðingu á bótarétti sínum.

Hækkunin leggst þyngst á tekjulægri

Hækkun á lægra þrepi virðisaukaskatts úr 7% í 12% kemur verst niður á tekjulægri heimilum sem þegar eru komin að þolmörkum. Launafólk með lægstu tekjurnar ver í dag 17,6% ráðstöfunartekna sinna í matar- og drykkjarvörur á móti 10,7% hjá þeim sem hafa hæstu tekjurnar, eins og sjá má á myndinni hér að neðan.

**Hlutfall matar- og drykkjarvöru af
ráðstöfunartekjum heimila**

Breytingarnar á virðisaukaskattskerfinu, sem ríkisstjórnin leggur nú til, leggst með næstum tvöfalt meiri þunga á lægsta tekjuhópinn en þann hæsta. Það er óásættanlegt.

Koma þarf til móts við tekjulægri heimili

Hækkun barnabóta og breytingar á vörugjöldum jafna ekki út þessa hækkun matvæla hjá launlægsta hópnum, eins og stjórnvöld vilja vera láta. Að auki eru fjölmargir launamenn með lágar- og millitekjur barnlausir eða með eldri börn á framfæri og fæstir þeirra eru tíðir gestir í heim verslunum sem geta lækkað verð á sínum vörum í kjölfar afnáms almennra vörugjalda. Þetta er einfaldlega leikur að tölum. Miklu meira þarf að koma til svo komið sé til móts við tekjulægri heimili.

Aðför að þeim sem minna mega sín

Stjórn VR mótmælir harðlega aðför stjórnarvalda að atvinnulausum, sérstaklega þeim einstaklingum sem hafa verið hvað lengst án atvinnu. Skerðing á bótarétti er þungur skellur og kippir fótunum undan fjölda fólks. Atvinnuleysi minnkar ekki við það að velta vandanum yfir á sveitarfélögin.

Þá er framtíðarstaða VIRK starfsendurhæfingarsjóðs í óvissu en ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til sjóðsins í fjárlagafrumvarpinu. Það er því ljóst að stjórnvöld munu ekki halda í heiðri samkomulag um að koma með fjármagn inn í sjóðinn eins og kveðið er á um í lögum frá árinu 2012.

Stjórn VR, 10. september 2014"

Umræður.

Að loknum umræðum var tillagan borin upp og var hún samþykkt með 12 atkvæðum gegn 2.

3. 6 mánaða uppgjör

Stefán fór þá næst yfir helstu atriði í 6 mánaða uppgjöri á glærum. Fór hann fyrst yfir lykiltölur þar sem kom m.a. fram að félagsmönnum hafi fjölgað um 1,4% auk þess sem fækkun hafi orðið í símtölum og afgreiðslum á skrifstofu á móti aukningu í afgreiðslum á netinu og í tölvupóstum til vr@vr.is .

Tekjur eru 1,3 milljarður kr. sem er 6,7% umfram áætlun og það sem skýrir það eru hærri iðgjaldatekjur vegna fjölgunar félagsmanna, hækkun launa og betri innheimta. Einnig er hækkun í tekjum orlofssjóðs og er það vegna aukningar í sölu gjafabréfa flugfélaga og betri nýtingu orlofshúsa.

Gjöld eru 16 milljónir undir áætlun og þar vegur þungt m.a. 30 milljóna kr. lægri greiðslur úr sjúkrasjóði en áætlað var, sem er ánægjuleg þróun frá því sem var. 6% meiri útgreiðslur urðu úr varasjóði en áætlun gerði ráð fyrir.

Fór Stefán þá yfir tölur um rekstur orlofshúsa og sagði að lítið óvænt hefði komið uppá á tímabilinu. Næst fór hann yfir tölur um útbreiðslu- og félagsmál en þar er kostnaður við auglýsingar 3,9 milljónir undir áætlun en kostnaður við kosningar hins vegar yfir áætlun og varð það vegna þess að tvær kosningar voru haldnar eftir áramót en reiknað hafði verið með annarri þeirra fyrir áramót.

Rekstur húsnæðis er nokkurn vegin á áætlun. Fjármunatekjur eru vel undir áætlun og var það vegna þess að hlutabréf og skuldabréf á Íslandi hröpuðu mjög á fyrri hluta árs.

Næst fór Stefán yfir stöðu sjóða. Rekstur sjúkrasjóðs er nú kominn uppfyrir núll og hafa tekjur aukist og styrkgreiðslur lækkað sem eru jákvæðar fréttir. Að lokum fór hann yfir efnahagsreikning þar sem kom fram að fastafjármunir eru 8,8 milljarður en veltufjármunir eru 312 milljónir. Eigið fé er því um 9,1 milljarður króna.

Umræður.

Að loknum umræðum var Stefáni þakkað fyrir greinargóða yfirferð.

4. 19. september „VR dagurinn“

Ólafía Björk lagði fram minniblað „VR dagurinn 19. september 2014 undirbúningur fyrir ASÍ þing“ dags. 10. september 2014 og fór yfir efni þess. Kom m.a. fram að við munum hittast í Turninum í Kópavogi þar sem verði sérstakar möppur fyrir þátttakendur og verðandi þingfulltrúa. Byrjum með hádegisverði en hefjumst svo handa kl. 13 þar sem Ása Karín frá Capacent ásamt öðrum starfsmanni muni stýra vinnunni sem verður á umræðuborðum þar sem stjórnarmenn stjórna umræðum á hverju borði. Gert er ráð fyrir að um 80 manns muni mæta en við ljúkum deginum með fordrykk og síðan skemmtir Ari Eldjárn og loks verður kvöldverður borinn fram.

Umræður.

5. Styrktarmál 2015

Ólafía Björk lagði fram minnisblaðið „*Styrkir VR*“ dags. 3. september 2014 og fór yfir efni þess en í samræmi við umræður í stjórn er stungið uppá því að jólastyrk VR í ár verði dreift á fleiri en einn aðila.

Umræður.

Í umræðum kom m.a. fram að stjórnarmenn höfðu efasemdir um að bókhald væri alls staðar í lagi hjá þeim samtökum sem stungið er uppá að styrkja, einnig að spurning væri að láta þá sjálfa sækja um fremur en að færa þeim féð ofl.

Ákveðið að skrifstofa skoði hvort ekki séu til ársreikningar þessara hjálparsamtaka á netinu en það verði skilyrði styrkja. Verður svo endanlega ákveðið á desemberfundi stjórnar.

Í minnisblaðinu er einnig í samræmi við umræður í stjórn lagt til að þema smærri styrkja (undir 50 þús. kr.) verði með áherslu á menntamál og helst tengt ungu fólki en ekki líknarfélög eins og undanfarin ár þó með þeirri undantekningu að áfram verði veittur mánaðarlegur matarstyrkur til Samhjalpar.

Umræður.

Að loknum umræðum stakk Ólafía Björk uppá því að þetta verði endurorðað og við skoðum næst.

Ragnar Þór vék hér af fundi kl. 20:00

6. Jafnréttisnefnd VR

Ólafía Björk lagði fram minnisblað „*Jafnréttisnefnd VR 2014 – 2015 lagt fram á stjórnarfundi VR nr. 1118*“ dags. 9. september 2014. Leggur hún til að eftirfarandi stjórnarmenn taki sæti í nefndinni:

Aðalamenn:

Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

Ólafur Reimar Gunnarsson

Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamaður:

Gísli Kristján Gunnsteinsson

Var þessi tillaga samþykkt með lófataki.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 20:15
Árni Leósson fundarritari